



Fimmtudaginn 3. júní 2021 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar. Fór fundurinn fram í Félagsheimilinu Húnaveri og hófst klukkan 13:15.

Jón Gíslason, oddviti, setti fundinn og stjórnaði honum.

Berglind Hlín Baldursdóttir, ritaði fundargerð

### Mætt voru:

Jón Gíslason, Jóhanna Magnúsdóttir, Berglind Hlín Baldursdóttir, Þóra Margrét Lúthersdóttir, Ragnhildur Haraldsdóttir, Birgir Þór Haraldsson, Jón Árni Magnússon og Einar Kristján Jónsson.

### Dagskrá:

#### 1. Ársreikningar fyrir árið 2020, seinni umræða:

- a. Ársreikningar sveitarfélagsins vegna ársins 2020, lagðir fram til seinni umræðu.

#### 2. Kjör oddvita og varaoddvita:

#### 3. Afgreiðsla sveitarstjórnar á milli funda:

- a. Fundargerð Hússtjórnar Húnavers, frá 3. maí 2021.

#### 4. Bréf sem borist hafa:

- a. *Sýslumanninum á Norðurlandi vestra, tölvupóstur, dagsettur, 14. maí 2021.*
  - i. **Efni:** Umsókn um tækifærisleyfi frá Landsmóti bifhjólamanna, vegna landsmóts í Húnaveri 1. til 4. júlí 2021.
- b. *Umhverfisstofnun, tölvupóstur, dagsettur, 20. maí 2021.*
  - i. **Efni:** Ábending um notkun á ólöglegum gildrum við veiðar á mink.
- c. *Samtökum grænkerá á Íslandi, dagsett, 11. maí 2021.*
  - i. **Efni:** Framboð á grænkerafæði í leik- og grunnskólum.
- d. *Landgræðslunni og Skógræktinni, ódagsett.*
  - i. **Efni:** Kall til sveitarfélaga að taka þátt í Bonn-áskoruninni.
- e. *Kolbeini Óttarssyni Proppé, ódagsett.*
  - i. **Efni:** Hálendisþjóðgarður-afmörkun.
- f. *Skógræktinni, tölvupóstur, dagsettur, 7. maí 2021.*
  - i. **Efni:** Óskað er eftir umsögnum um drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætlunarinnar.
- g. *Landgræðslunni, tölvupóstur, dagsettur, 6. maí 2021.*
  - i. **Efni:** Óskað er eftir umsögnum um drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætlunarinnar.
- h. *Félagsmálaráðuneytinu, tölvupóstur, dagsettur 27. apríl 2021.*
  - i. **Efni:** Fjárframlag vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna fyrir árið 2021.



**5. Fundargerðir:**

- a. *Fræðslunefnd, frá 20. maí 2021, ásamt skóladagatölum fyrir leikskólann Vallaból og Húnavallaskóla og tillögu að kennslustundafjölda og kennslutilhögun, skólaárið 2021 til 2022.*
- b. *Stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins, frá 14. maí 2021.*
- c. *66. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, frá 4. maí 2021.*

**6. Skýrsla sveitarstjóra:**

- a. *Skoðunarskýrslur slökkviliðsstjóra vegna Áfanga og Húnavers.*

**7. Samþykkt um búfjárhald:**

**8. Önnur mál:**

Oddviti setti fundinn klukkan 13:15

Oddviti lagði til eftirfarandi breytingar á dagskrá, að bréf frá Ámundakinn ehf., dagsett 1. júní 2021 liður i, undir liðnum bréf sem borist hafa.

Tillaga oddvita samþykkt

## Dagskrá:

### 1. Ársreikningar fyrir árið 2020, seinni umræða:

- a. Ársreikningar sveitarfélagsins vegna ársins 2020, lagðir fram til seinni umræðu.
- b. Á fundinum lá frammi til kynningar Endurskoðunarskýrsla 2020 frá KPMG, vegna ársreiknings 2020, en við fyrri umræðu í sveitarstjórn, þann 28. apríl 2021, höfðu Harladur Ö. Reynisson og Kristján Jónasson endurskoðendur hjá KPMG kynnt samstæðureikning sveitarfélagsins, ásamt sundurliðunarbók og skýrslu um endurskoðun á ársreikningi 2020.

- i. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ársreikning Húnavatnshrepps fyrir árið 2020 Reikningurinn var síðan undirritaður.

#### 1. Helstu niðurstöður ársreiknings Húnavatnshrepps 2020 eru:

- a. Rekstrarniðurstaða samstæðu A og B hluta var jákvæð um kr. 14.385.000.
  - b. Rekstrarniðurstaða A-hluta er jákvæð um kr. 15.153.000.
  - c. Rekstrarniðurstaða A-hluta fyrir fjármagnsliði og afskriftir var kr. 46.008.000.
  - d. Rekstrarniðurstaða B-hluta fyrir fjármagnsliði og afskriftir var kr. 58.704.000.
  - e. Veltufé frá rekstri A og B hluta var kr. 46.590.000.
  - f. Afborganir langtímalána A og B hluta samstæðu voru kr. 17.957.000
  - g. Skuldaviðmið A hluta, skv. reglugerð nr. 502/2012 er 18%.
  - h. Skuldaviðmið A og B hluta, skv. reglugerð nr. 502/2012 er 63%..
  - i. Eigið fé sveitarfélagsins eru 404.588.000 og langtímaskuldir A og B hluta voru kr. 305.707.000
  - j. Handbært fé í árslok nam kr. 16.594.000
  - k. Fjárfestingar á árinu 2020 voru kr. 92.005.000. Þar af í A-hluta 66.777.000. Stærsta einstaka fjárfesting er í viðhaldsverkefni á húsnæði grunnskólans og íbúðahúsnæðis á Húnavöllum.
2. Það er því ljóst að staða sveitarfélagsins er í jafnvægi þrátt fyrir miklar framkvæmdir, gott þjónustustig í sveitarfélaginu sem og aukinn kostnað sveitarfélaga almennt. Ársreikningur fyrir árið 2020 gefur góða mynd af rekstri sveitarfélagsins og þeim mikla kostnaði við framkvæmdir vegna viðhalds fasteigna sveitarfélagsins.



## 2. Kjör oddvita og varaoddvita:

- a. *Kjör oddvita til eins árs.*
  - i. Jón Gíslason hlaut 5 atkvæði og Þóra Sverrisdóttir 2 atkvæði.
    1. *Jón Gíslason, er því réttkjörinn oddviti til eins árs.*
- b. *Kjör varaoddvita til eins árs.*
  - i. Ragnhildur Haraldsdóttir hlaut 5 atkvæði og Jón Ární Magnússon 2 atkvæði
    1. *Ragnhildur Haraldsdóttir, er því réttkjörin varaoddviti til eins árs.*

## 3. Afgreiðsla sveitarstjórnar á milli fundu:

- a. *Fundargerð Hússtjórnar Húnavers, frá 3. maí 2021.*
  - i. Sveitarstjórn staðfesti með rafrænum hætti niðurstöðu fundar Hússtjórnar Húnavers um að gera afnotasamning við Húnavelli ehf. um afnot af Húnaveri frá maí til loka desember 2021.
  - ii. Fulltrúar E-lista í sveitarstjórn óskuðu að eftirfarandi yrði fært til bókar í gjörðabók sveitarfélagsins:
    1. *Fulltrúar E-lista sitja hjá við afgreiðslu þessa samnings vegna þess sem á undan er gengið, vísa til sinnar fyrri bókunar á sveitarstjórnarfundi þann 28. apríl og taka jafnframt undir bókun þá sem fram kemur í fundargerð Hússtjórnar Húnavers frá 3. maí sl. og hljóðar svo:*  
*„Við, fulltrúar Kvenfélags, Búnaðarfélags og Ungmennafélags Bólstaðarhliðarhrepps, hörmum að fundi sem vera átti í hússtjórn Húnavers 27. apríl síðast liðinn, hafi verið aflýst. Sá fundur hefði verið nauðsynlegur vettvangur til þess að ræða breytta stöðu mála frá síðasta fundi hússtjórnar þann 23. mars 2021. Er það mat okkar að rétt vinnubrögð hefðu verið að ræða áorðnar breytingar á leiguráðstöfunum félagsheimilisins sem og ráðstafanir á landi Húnavers á fundi hússtjórnarinnar áður en málið væri lagt fyrir sveitarstjórn, þar sem að þeir fundir eru vettvangur félaganna til þess að koma skoðunum sínum er varða Húnaver á framfæri. Með þeim hætti hefði mátt tryggja að viðhafðar væru grundvallarreglur góðrar stjórnarsýslu sem og gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku. Því lítum við svo á að gengið hafi verið framhjá hússtjórninni við afgreiðslu málsins sem gengur þvert á verklagsreglur um Félagshemilið Húnaver.“*

#### 4. Bréf sem borist hafa:

- a. *Sýslumanninum á Norðurlandi vestra, tölvupóstur, dagsettur, 14. maí 2021.*
    - i. **Efni:** Umsókn um tækifærisleyfi frá Landsmóti bifhjólamanna, vegna landsmóts í Húnaveri 1. til 4. júlí 2021.
      1. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið.*
  - b. *Umhverfisstofnun, tölvupóstur, dagsettur, 20. maí 2021.*
    - i. **Efni:** Ábending um notkun á ólöglegum gildrum við veiðar á mink.
      1. *Lagt fram til kynningar.*
  - c. *Samtökum grænkerana á Íslandi, dagsett, 11. maí 2021.*
    - i. **Efni:** Framboð á grænkerafæði í leik- og grunnskólum.
      1. *Lagt fram til kynningar.*
  - d. *Landgræðslunni og Skógræktinni, ódagsett.*
    - i. **Efni:** Kall til sveitarfélaga að taka þátt í Bonn-áskoruninni.
      1. *Lagt fram til kynningar.*
  - e. *Kolbeini Óttarssyni Proppé, ódagsett.*
    - i. **Efni:** Hálendisþjóðgarður-afmörkun.
      1. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn telur farsælast að allar breytingar á frumvarpi um Hálendisþjóðgarð fari í formlegt ferli til umsagnar.*
- Fulltrúar E-lista óskuðu eftir fundarhlé klukkan 13:50  
Fundi framhaldið klukkan 13:55
2. *Fulltrúar E-lista styðja álit sveitastjórnar um að eðlilegast sé að þetta mál fari í formlegt ferli. Hinsvegar er það skoðun fulltrúa E-lista að það er ekki spurning um hvort heldur hvenær Þjóðgarður miðhálandis Íslands verði að veruleika, þess vegna þarf sveitastjórn að hefja undirbúningsvinnu sem fyrst þannig að þegar formlegar umræður hefjast séum við tilbúin með okkar kröfur og sjónarmið*
- f. *Skógræktinni, tölvupóstur, dagsettur, 7. maí 2021.*
    - i. **Efni:** Óskað er eftir umsögnum um drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætlunarinnar.
      1. *Lagt fram til kynningar.*
  - g. *Landgræðslunni, tölvupóstur, dagsettur, 6. maí 2021.*
    - i. **Efni:** Óskað er eftir umsögnum um drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætlunarinnar.
      1. *Lagt fram til kynningar.*
  - h. *Félagsmálaráðuneytinu, tölvupóstur, dagsettur 27. apríl 2021.*
    - i. **Efni:** Fjárframlag vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna fyrir árið 2021.
      1. *Lagt fram til kynningar. Húnavatnshreppur fékk 107.100 kr. fjárframlag vegna viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna. Verður styrkurinn notaður í samstarfi við Félag eldri borgara í Húnaþingi.*



i. *Ámundakinn ehf, dagsett, 1. júní 2021.*

i. **Efni:** Aðalfundarboð

1. *Lagt fram til kynningar.*

a. Sveitarstjórn samþykkir umboð til handa, Jóni Gíslasyni, Stóra-Búrfelli, til að fara með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundi Ámundakinnar ehf., sem haldinn verður þann 11. júní 2021 í Eyvindarstofu, Blönduósi.

## 5. Fundargerðir:

a. *Fræðslunefnd, frá 20. maí 2021, ásamt skóladagatölum fyrir leikskólann Vallaból og Húnavallaskóla og tillögu að kennslustundafjölda og kennslutilhögun, skólaárið 2021 til 2022.*

i. Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlögð skóladagatöl fyrir Húnavallaskóla og leikskólann Vallaból. Jafnframt samþykkir sveitarstjórnin samhljóða, framkomin kennslustundafjölda og kennslutilhögun, skólaárið 2021 til 2022.

1. *Skólasetning Húnavallaskóla verður mánudaginn 24. ágúst 2021 og skólaslit miðvikudaginn 25. maí 2022.*

b. *Stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins, frá 14. maí 2021.*

i. Lagt fram til kynningar.

c. *66. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, frá 4. maí 2021.*

i. Lagt fram til kynningar.

## 6. Skýrsla sveitarstjóra:

a. *Sveitarstjóri lagði fram skoðunarskýrslur slökkviliðsstjóra vegna Áfanga og Húnavers. Umtalsverðar athugasemdir voru gerðar við eldvarnir í þessum skýrslum. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.*

b. *Sveitarstjóri lagði til að Nemendafélag Húnavallaskóla yrði styrkt um 500.000 krónur, vegna aksturskostnaðar við skólaferðalag.*

i. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að greiða 500.000 kr. vegna kostnaðar við akstur í skólaferðalagi.

c. *Sveitarstjóri greindi frá öðrum störfum sínum.*

## 7. Samþykkt um búfjárhald:

a. *Oddviti lagði fram drög að samþykktum um bann við lausagöngu geitfjár til kynningar.*

Kaffihlé var gert á fundinum klukkan 15:20

Fundi framhaldið klukkan 15:50



## 8. Önnur mál:

### a. Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

- i. Vegna þeirrar umræðu sem orðið hefur innan sveitarfélagsins um leigu á túni við Húnaver er rétt að benda á að Bólstaðarhlíðarhreppur, nú Húnavatnshreppur er eini eigandi að öllu landi því sem tilheyrir Húnaveri skv. afsalsbréfi frá 19. maí 1946, en þá kaupir Bólstaðarhlíðarhreppur um 20 ha. lands af þáverandi eiganda Botnastaða. Af þeim sökum er það í verkahring sveitarstjórnar eða sveitarstjóra að ráðstafa leigu á því landi, en ekki meðeigendum Húnavatnshrepps í Félagsheimilinu Húnaveri.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundargerð undirrituð síðar.

Fundi slitið kl. 16:07

\_\_\_\_\_  
Jón Gíslason

\_\_\_\_\_  
Ragnhildur Haraldsdóttir

\_\_\_\_\_  
Berglind Hlín Baldursdóttir

\_\_\_\_\_  
Þóra M. Lúthersdóttir

\_\_\_\_\_  
Jóhanna Magnúsdóttir

\_\_\_\_\_  
Jón Árni Magnússon

\_\_\_\_\_  
Birgir Þór Haraldsson

\_\_\_\_\_  
Einar Kristján Jónsson